

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 107/2012****2012/EES/56/05****frá 15. júní 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2012 frá 30. apríl 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 790/2009 frá 10. ágúst 2009 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum á sviði tækni og vísinda ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 252/2011 frá 15. mars 2011 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 286/2011 frá 10. mars 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum á sviði tækni og vísinda ⁽⁴⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 66.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006):
„– **32011 R 0252**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 252/2011 frá 15. mars 2011 (Stjtið. ESB L 69, 16.3.2011, bls. 3).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 12zze (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008):
„eins og henni var breytt með:
– **32009 R 0790**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 790/2009 frá 10. ágúst 2009 (Stjtið. ESB L 235, 5.9.2009, bls. 1),
– **32011 R 0286**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 286/2011 frá 10. mars 2011 (Stjtið. ESB L 83, 30.3.2011, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 66.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 790/2009 og reglugerða (ESB) nr. 252/2011 og 286/2011, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 66, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 25, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 235, 5.9.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 69, 16.3.2011, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 83, 30.3.2011, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júní 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2012 frá 15. júní 2012 ^(§), hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júní 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(§) Stjtið. ESB L 270 4.10.2012, bls. 6, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 8.